

Sp.

513. Tillaga til þingsályktunar

[268. mál]

um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi.

Flm.: Ragnar Arnalds, Benedikt Gröndal, Jónas Jónsson,
Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að skorar á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni. Nefndin skal kynna sér lög þau, sem sett hafa verið eða verið er að undirbúa í nálægum löndum, bæði austan hafs og vestan, um bann við persónunjósnum með tölvutækni. Nefndin skal hafa lokið störfum, áður en þing kemur saman næsta haust. Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Safnanir undirskrifta til stuðnings eða til andstöðu við tiltekið málefni hafa lengi tíðkast og svo mun áfram verða um langa framtíð. Í kosningabaráttu gera menn spjaldskrár yfir hugsanlega stuðningsmenn og merkja kjörskrár í því skyni að skipuleggja kosningastarfið á kjördegi. Starfsemi af þessu tagi er gamalkunn og veldur ekki deilum.

En jafnvel hin venjulegustu vinnubrögð gerbreyta um eðli, þegar allt í einu er farið að beita fullkornustu tækni nútímavísinda til að leysa verkefni af hendi með undraverðum hraða, sem áður var flókin og seinunnin handvinna.

Notkun tölvutækni skapar áður óþekktu yfirsýn við söfnun hvers konar upplýsinga, og þegar þess háttar tækni er beitt til að skrásetja persónulegar skoðanir fólks eða aðrar upplýsingar um einkahagi manna, þá er alvarleg hættu á ferðum. Þetta hefur mönnum orðið ljóst á seinustu árum í flestum nálægum löndum, og þess vegna hafa víða verið gerðar ráðstafanir til að vernda friðhelgi einstaklinganna gegn undramætti tölvutækninnar.

Í Svíþjóð eru nú í gildi svonefnd Datalag nr. 289, sem samþykkt voru á sænska þinginu á s. l. vori og staðfest af konungi 11. maí 1973. Er þar bannað að koma upp upplýsingaskrá um einstaklinga með aðstoð tölvutækni nema að fengnu sérstöku leyfi, að viðlögðu 2 ára fangelsi. Fyrir bandaríska þinginu liggur nú frumvarp, sem flutt er af Goldwater, fyrrum forsetaefni Republikana, og fjallar það um sama efni.

Vegna fámennis þjóðarinnar er sérstaklega auðvelt á Íslandi að nota nýjustu tölvutækni til að koma upp skráum um einkahagi allra landsmanna. Á skal að ósi stemma og er ekki seinna vænna, að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að unnt sé að hagnýta tölvutækni hér á landi til persónunjósna.